

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 3. ágúst.

Nr. 26/1914

Réttvísni

gegn

Júliönu Silfu Jónsdóttur  
og Jóni Jónssyni.

Dómur:

Í máli þessu er Júlíana Silfa Jónsdóttir' ekkja Brekkustíg 14 hér í bænum ákærð fyrir manndráp og Jón Jónsson húsmáður sama staðar fyrir sama glæp eða hlutdeild í honum, eða fyrir brot það er ræðir um í 110. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Var málið dæmt 24. apríl þ. á. í aukarétti Reykjavíkur af hinum reglulega dómara með 4 meðdómsmönnum á þá leið, að ákærða skyldi sæta líflæti, og greiða allan kostnað sakarinnar, þar með taldar 20 kr. þóknun til talsmanns hennar Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, en ákærði:

var sýknaður af kærú réttvísinnar í málinu og talsmanni hans Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni dæmd 20 kr. þóknun af almannafé.

Þessum dómi er af hálfu réttvísinnar skotið til yfir-dómsins.

Hvorugt hinna ákærðu hefir áður sætt refsingu. Ákærða, Júlíana Silfa Jónsdóttir er fædd 1. ágúst 1865 á Eyrarnesi í Snæfellsnessýslu og ólst þar upp til fermingaráldurs; var uppeldi hennar eins og þá gerðist venjulega í sveitum hjá alþýðu manna; hún var fermd 1880 með vitnisburði *vel* fyrir bóklestur, kunnáttu og hegðun; aðra fræðslu fékk hún ekki, en á tvítugsaldri lærði hún að skrifa. Hún var í vistum í Barðastrandarsýslu og Stykkishólmi í 5 ár eftir fermingu, fluttist þá til Elliðaeyjar og giftist þar 1892 Magnúsi Einarssyni hafnsögumanni. Með honum fluttist hún til Stykkishólms 1904 og varð ekkja 1909, og 2 árum síðar 1911 flutti hún til Reykjavíkur. Vorið 1912 tók hún saman við ákærða Jón Jónsson; bjuggu þau í Ánanaustum það ár, síðan í Vesturgötn 27 og síðast á Brekkustíg 14.

Bróðir ákærðu var Eyjólfur Jónsson lausamaður í Dúkskoti við Vesturgötu. Laugardagskvöldið 1. nóv. f. á. veiktist hann snögglega á heimili sínu og kendi um skemdu skyri, er hann hefði borðað hjá ákærðu. Fékk hann um nóttina sárar kvalir fyrir bringspalirnar með áköfum uppköstum, og glitti í spýjuna í myrkri sem í maurildi sæi. Á sunnudagsmorguninn fór Eyjólfur á fætur, þó að hann væri lasinn og tvo næstu daga var hann í vinnu, en kvartaði um lasleika.

Á miðvikudaginn lagðist hann aftur og úr því þyngdi honum dag frá degi; 10. nóv. var hann fluttur á Landa-

kotsspítala og þar lézt hann 13. s. m. Við fyrstu yfir-  
 heyrslu 15. s. m. játaði hin ákærða Júlíana það viðstöðu-  
 laust, að hún hefði byrjað Eyjólfur bróður sínum eitur í  
 skyri, er hún gaf honum að borða 1. nóv. f. á., og er  
 frásögn hennar um glæpinn og tildrög hans á þessa leið:  
 Sunnudaginn 5. okt. f. á. kom Eyjólfur heim til ákærðu  
 til að sækja skjal, sem hann þóttist eiga í kufforti, sem  
 þau ákærðu höfðu geymt fyrir hann síðan um vorið, en  
 skjalið ætlaði hann að nota í máli, er þá var höfðað gegn  
 honum. Leituðu þau systkinin bæði í kuffortinu, en  
 fundu ekki skjalið. Varð Eyjólfur þá reiður og bar upp  
 á ákærðu, að þau hefðu stolið skjalinu og ef til vill fleiru  
 úr kuffortinu. Fór hann burt í reiði og hafði í heitingu-  
 um við ákærðu. Jón var þá ekki heima, en síðar sama  
 dag kom Eyjólfur aftur til að leita að skjalinu og þá var Jón  
 heima. Lenti í illdeilum með þeim, og síðan áflogum,  
 er Eyjólfur vildi koma Jóni út. Ákærða greip þá í hand-  
 legginn á Eyjólf, en hann barði hana með höndum og  
 fótum; lauk svo að þau ákærðu komu Eyjólf út, en  
 meðan þau áttust við, hafði Eyjólfur í heitingum að drepa  
 þau, og Jón sagði þá einnig að rétt væri að drepa Eyjólf.  
 Eftir þetta kom Eyjólfur tvisvar til ákærðu og þáði góð-  
 gerðir, en hún var þó hrædd við hann eftir aðfarirnar  
 nefndan sunnudag. Út úr því og af heiftrækni við Eyjólf  
 fyrir það, að þjófkenna ákærðu, og af því, að hún bjóst  
 við að erfa talsvert eftir hann, svo og fyrir áeggjan með-  
 ákærða fór að vakna og magnast hjá henni ásetningur  
 að ráða Eyjólf af dögum. Í fyrstu var hún að hugsa um  
 að stefna Eyjólf fyrir aðfarirnar og áburðinn, en Jón vildi  
 það eigi, sagði að það væri ilt til afspurnar, að þau syst-  
 kin væru í málaferlum, en hann eggjaði hana á, að

ráða heldur Eyjólf af dögum; fann hann það ráð, að ákærða skyldi narra Eyjólf út á hafnargarðinn, sem verið var að hlaða úr í Örfirisey, hrinda honum niður af garðinum í sjóinu; sjálfur virtist hann þó ekki ætla að vera með í því verki, en hún treysti sér eigi til þess. Sagði Jón þá, að hún gæti gefið Eyjólf inn eitur, og samsinti ákærða því; voru þau bæði jafngóð um þá ráðagerð, og er hún taldi vandkvæði á því að ná í eitur, sagði hann, að hún gæti sjálf keypt eða látið annan kaupa fyrir sig rottueitur í lyfjabúðinni. Fór hún fram á að Jón keypti eitrið, en hann sagði að hún gæti gert það sjálf. Hún fór svo 30. okt. í lyfjabúðina og keypti þar dálitla krukku með rottueitri í, að útliti líkt og vaselin, fyrir 35 aura. Daginn eftir, 31. okt., kom Eyjólfur heim til ákærðu og fékk kaffi, en í það skifti hafði hún ekki þrek til að gefa honum eitrið, kvaðst hann mundi koma daginn eftir. Laugardaginn 1. nóv. fór Jón snemma í vinnu; vissi hann, að Eyjólfur ætlaði að koma um daginn, svo og að ákærða hafði keypt eitur og ætlaði að gefa Eyjólf þáð í skyri, sem henni hafði verið gefið. En áður en hann fór sagði hann við ákærðu, að nú væri bezst að gefa Eyjólf eitrið í dag. Seinna um daginn kom Eyjólfur, eins og hann hafði gert ráð fyrir. Gaf ákærða honum fyrst kaffi inni í stofu, fór svo fram í eldhús og tilreiddi skyrið; lét hún út í það alt er var í krukkunni, sem hún keypti í lyfjabúðinni og stráði út á það nokkru sykri, en krukkunni fleygði hún í eldinn. Bar hún svo Eyjólf skyrið og borðaði hann það alt. Ákærða var ekki í neinum vafa um, að eiturskamturinn, sem hún gaf Eyjólf væri drepandi, ekkert hik var þó á henni og hún gaf honum skyr-ið í því skyni að það yrði honum að bana. Á eftir gaf

hún honum 5 bolla af kaffi með brennivíni úti, en það var eigi hugsun hennar, að stöðva með því eða draga úr verkunum eitursins. En síðar, einkum eftir að hún frétti, að Eyjólfur væri orðinn veikur, iðraði hana verksins, segist hún eftir það eigi hafa tekið á heilli sér andlega né líkamlega.

Játning ákærðu hefir verið opinská, og virðist hún eigi hafa reynt að leyndu neinu eða fegra athæfi sitt. Þeir sem þekkja ákærðu, bera henni þann vitnisburð, að hún sé greiðvikin, brjóstgóð og tilfinninganæm fyrir bágingum annara, en ástríðukona og nokkuð skapstór, frekorða stundum, en hreinskilin.

Ákærða er ein til frásagna um blutdeild meðákærða í banaráðum við bróður hennar, en að öðru leyti kemur framburður hennar í öllum verulegum atriðum heim við aðrar skýrslur og upplýsingar í málinu. Við rannsóknina var fengin í lyfjabúðinni krukka með rottueitri, 35 grömm að þyngd og seld fyrir 35 aura, og sýnd ákærðu, kannaðist hún við, að þessi krukka væri að efni og innihaldi að öllu leyti eins og krukka sú, er hún keypti í lyfjabúðinni og lét úr saman við skyrið, er hún gaf Eyjólf.

Í skýrslu landlæknis um málið er það tekið fram, að í rottueitri, af því tagi, sem í krukkunni var, séu 2% fosfór, megent eitur, og í 35 grömmum því 70 centigrömm af fosfóreitri. 10 centigrömm af því séu talin mjög banvænn skamtur, en 70 centigrömm, tekin í einu, hljóti jafnan að hafa dauðann í för með sér, ef ekkert er að gert samstundis, og þó lítt hugsandi, að lífinu verði borgið, þó að til læknis náist samstundis. Ennfremur bendir landlæknirinn á, að sjúkdómsferill Eyjólfs eins og honum er lýst í réttarprófunum og skýrslu héraðslæknis,

sem stundaði Eyjólf í banalegu hans, beri með sér öll einkenni fösforeitrunar. Telur hann vafalaust, að Eyjólfur hafi beðið bana af fösforeitri því, og engu öðru.

Ákærða gerði sér von um talsverðan arf eftir Eyjólf, og gízkaði á, að eigur hans mundu skifta þúsundum. Eftir skýrslu héraðsdómarans er talið, að þú hans muni nema að minsta kosti 2—3000 kr., og að erfingjar þúsins séu 4 alsystur hans, en við uppskrift á þúi hinna ákærðu reyndist svo, að þau áttu sama sem ekkert til annað en lítilfjörleg húsgögn.

Við réttarprófin kvartaði ákærða um, að hún væri hjartveik og biluð á geðsmunum, en samkvæmt skýrslu Þórðar Sveinssonar geðveikralæknis, sem athugaði ákærðu frá því hún var látin í varðhald 15. nóv. f. á. til 12. marz þ. á., hefir hann eigi getað fundið nein einkenni þess, að hún væri eða hefði áður verið geðveik, enda verður ekki af réttarprófunum annað séð, en að hún sé með óbrjáláðri skynsemi.

Með því að telja verður fullsannað eftir framansögðu, að ákærða hafi með ráðnum huga svift bróður sinn, Eyjólf Jónsson lífi á þann hátt, sem að framan er lýst, hefir héraðsdómarrinn réttilega heimfært tilverknað hennar undir 191. gr. alm. hegningarlaga og ákveðið refsingu hennar líflát.

Ákærði Jón Jónsson er fæddur 29. janúar 1873. Hann hefir stöðugt í öllum prófunum neitað því, að hann hafi verið í verki með ákærðu, að ráða bróður hennar bana, að hann hafi stungið upp á því, eggjað hana á það, eða verið í vitorði með henni. Allan framburð hennar um þetta lýsir hann ósannindi. Með því að engar aðrar skýrslur hafa fengið, er hnekt geti þessari neitun ákærða,

verður það eigi talið sannað, að hann hafi verið meðsekur í glæp ákærðu. Ennfremur neitar ákærði því, að hann hafi haft vitneskju um, að ákærða ætlaði að byrja Eyjólfir eitur; kveðst hann ekki hafa um það vitað fyr en við rannsóknina, að ákærða hafi keypt rottueitrið og gefið bróður sínum það í skyri. Hann hefir þó kannast við, að ákærða hafi í eitt skifti slegið upp á því, að gefa Eyjólfir eitur í kaffi, og í annað skifti hafi hún beðið sig að kaupa rottueitur í lyfjabúðinni til að byrja Eyjólfir, en hann segist hafa reynt að hafa hana ofan af þessu, eða þá sagst ekki vilja vera með henni í því, hún væri sjálfráð að gerðum sínum, en sér hafi eigi dottið í hug, að henni væri alvara að fyrirfara bróður sínum. Þó að ákærði eftir þessari skýrslu hans, hefði eigi átt að vera ugglaus um, að lífi Eyjólfis væri hætta búin af völdum ákærðu, verður eigi talið heimilt að hrinda þeim framburði hans, að hann hafi eigi álitð, að það væri alvarleg fyrirætlun ákærðu að ráða Eyjólfir bana, og að þessi ætlun hans hafi styrkst við það, að ákærða hafði og haft orð á því við hann, að fyrirfara sjálfri sér, án þess þó að þetta, að því er hún sjálf hefir játað, í rauninni væri alvara hennar. Það verður þannig eigi talið sannað, að ákærði hafi haft svo áreiðanlega vitneskju um banaráð ákærðu við Eyjólfir, að hann verði talinn sekur samkvæmt 110. gr. hegningarlaganna. Verður því að sýkna hann í máli þessu af ákæru sóknarans og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta þennan dóm í öllum greinum.

Afryjunarkostnað málsins ber hinni ákærðu að greiða.

þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda hennar við yfirdóminn, 20 kr. til hvors þeirra.

Talsmanni ákærða ber 20 kr. í málfutningslaun, er greiðist af almannafé.

Það er aðfinsluvert, að í dóminn vantar vottorð samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., um að málið hafi verið löglega rekið. Að öðru leyti hefir málsmeðferðin verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmat.

#### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Akærða Júlíana Silfa Jónsdóttir greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Magnúsar Sigurðssonar, 20 kr. til hvors þeirra.

Talsmanni ákærða Jóns Jónssonar, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 20 kr. í málfutningslaun úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.